

Skóladagatal Nesskóla 2025 – 2026

Nánari skýringar á skóladagatali

Lög segja til um fjölda skóladaga nemenda og fjölda skipulagsdaga kennara bæði á skólatíma og á undan og á eftir skólaárinu. Á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs júní skulu nemendur fá 180 skóladaga, þar af 170 samkvæmt stundaskrá en 10 daga má nýta á annan hátt. **Starfsdagar kennara** eru 5 á starfstíma nemenda og átta dagar þess utan. Þá daga sem gera má ráð fyrir að breytingar verði á stundaskrá kennara köllum við ýmist uppbrotsdaga eða skerta daga og eru þeir merktir sérstaklega á skóladagatal.

Uppbrotsdagar (**appelsínugulir á skóladagatali**) eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þessir dagar mega vera 10 talsins á hverju skólaári. Á uppbrotsdögum tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi dagsins. Að lokinni dagskrá hafa undirbúningur og úrvinnsla kennslu alltaf forgang. Uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags.

Skertir skóladagar (**grænir á skóladagatali**) nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis og er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldraviðtalsdaga, jólaskeppanir, íþrótt- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra starfa.

Að öðru leyti skipuleggja skólastjóri og kennarar skólaárið. Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans. **Birt með fyrirvara um breytingar.**

14.-21. ágúst	Starfsdagar hjá starfsfólki Nesskóla eftir sumarfrí.
22. ágúst	Skólasetning/Viðtalsdagur: Nemendur ásamt foreldrum hitta umsjónakennara. Skráning í viðtal sent 19. ágúst. Vinasel opið.
1.-5. september	Göngudagur: Gert er ráð fyrir að allir bekkir skólans fari í eina gönguferð í þessari viku
24.-25. september	Fjölgreindarleikar til kl 13:00 - Vinasel opið.
26. september	Starfsdagur 1/5 hjá starfsfólki Nesskóla.
29. september – 3. október	Erasmus verkefni 9. bekkjar til Þýskalands
29.-31. október	Vetrarfrí á haustönn. Nemendur og starfsmenn eru í frí
17. nóvember	Starfsdagur 2/5 hjá starfsfólki Nesskóla
18. – 20. nóvember	Þemadagar. Allir nemendur skólans vinna að sameiginlegu þema sem ákveðið er á hverju skólaári.
20. nóvember	Tvöfaldur dagur: Opið hús þar sem nemendur sýna afrakstur af þemadögum
26. nóvember	Samskiptadagur. Nemendur sýna foreldrum / forráðamönnum afrakstur sinn í skólanum. Vinasel opið
19. desember	Litlu jólin. Nemendur koma saman í hverri heimastofu og hafa jólastund. Síðan er jólaball haldið fyrir nemendur í matsal skólans. Vinasel opið.
20. des – 1. jan	Jólafrí
2. janúar	Starfsdagur 3/5 kennara. Nemendur eru í frí á þessum degi.
18. febrúar	Öskudagur. Skóla lýkur eftir hádegismat. Vinasel opið.
19.-20. febrúar	Vetrarfrí á vorönn. Nemendur og starfsmenn eru í frí
5. mars	Árshátíð yngsta stigs. Markmiðið er að efla félagsþroska, þjálfra framsögn, leikræna tjáningu og framkomu og síðast en ekki síst hafa gleði og gaman af. Kennarar og stuðningsaðilar á YS vinna að undirbúnings- og skipulagsvinnu.
10. mars	Skólaþing 6.-10. bekkjar. Markmiðið er að fá alla að borðinu til samtals, skoðanaskipta og hugmyndavinnu og að gefa foreldrum og forráðamönnum beina hlutdeild í stefnumótun um skólastarfið ásamt nemendum og starfsfólki.

18. mars	Samskiptadagur. Nemendur sýna foreldrum / forráðamönnum afrakstur sinn í skólanum. Vinasel opið.
19. mars	Góugleði á unglíngastigi. Góugleði er árshátíð unglíngastígsins.
26. mars	Árshátíð miðstígs. Markmiðið er að efla félagsþroska, þjálfra framsögn, leikræna tjáningu og framkomu og síðast en ekki síst hafa gleði og gaman af. Kennarar og stuðningsaðilar á MS vinna að undirbúnings- og skipulagsvinnu.
30. mars - 1. apríl	Páskafrí
24. apríl	Starfsdagur 4/5 hjá starfsfólki Nesskóla. Nemendur eru í fríi á þessum degi.
15. maí	Starfsdagur 5/5 hjá starfsfólki Nesskóla. Nemendur eru í fríi á þessum degi.
25.-30. maí	Ferðalag 9. bekkjar
2.-4. júní	Húllum Hæ dagar
5. júní	Karnival dagur fram að hádegi. Útskrift 1. – 9. bekkjar. Í lok dagsins koma nemendur saman í heimastofu og kveðja umsjónakennarann. Útskrift 10. bekkjar fer fram síðdegis. Skólastjóri ávarpar nemendur og gesti og síðan tekur við ræða umsjónakennara sem kveður nemendur. Eftir athöfnina og myndatöku er boðið í kaffi og kökur sem foreldrar 10. bekkjar.
5 og 8. júní	Starfsdagar hjá starfsfólki Nesskóla fyrir sumarfrí.

Inn á dagatalið vantar Fjalladag en hann er skipulagður út frá veðri og snjólögum í Oddskarði.